

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Reykjarfjarðarhrepp, Súðavíkurhrepp og Ögurhrepp í eitt sveitarfélag. Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Súðavíkurhreppur.
2. Súðavíkurhreppur hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Reykjarfjarðarhreppi, Súðavíkurhreppi og Ögurhreppi.
3. Íbúar Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps skulu vera þegnar hins nýja Súðavíkurhrepps.
4. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra hverju sveitarfélagi, Reykjarfjarðarhreppi, Súðavíkurhreppi og Ögurhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Reykjarfjarðarhrepps, Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps skulu afhent hinum nýja Súðavíkurhreppi til varðveislu.
6. Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram hinn 12. nóvember 1994.
7. Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.
8. Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.
9. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.
10. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1995.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á viðauka A með skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Úr viðauka A með skipulagsreglugerð nr. 318/1985 þar sem skilgreint er orðið skipulagsnefnd fellur brott setningin sem hefst á orðunum „Sveitarstjórn kýs“

Breyting þessi er gerð með heimild í skipulagslögum nr. 19/1964 og tekur gildi þegar í stað.

Umhverfisstjórnuneytið, 21. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.